

Innlend þekking nýtt í endurnýjun skipaflotans

» Fyrirsjáanleg er endurnýjun á hluta íslenska fiskiskipaflotans sem kominn er til ára sinna. Fjárfestingar útgerðarinnar í viðgerðum og endurskipulagningu flotans eru jafnan stórar á mælikvarða íslensks atvinnulífs.

» Ætla má að 500 milljón króna fjárfesting í endurnýjun togara skili sér í a.m.k. 450-600 milljón króna veltuaukningu í hagkerfinu og skapi um 40 ársverk ef valin eru íslensk tæknifyrirtæki.

» Margar útgerðir beina viðskiptum sínum til stórra tæknifyrirtækja sem annast geta alla þætti endurnýjunar. Með auknu samstarfi smærri tæknifyrirtækja á Íslandi má draga úr þeim viðskiptakostnaði sem fellur á útgerðir þegar verslað er við marga smærri aðila.

300 milljónir í hagkerfið við hverja endurnýjun


Fyrirsjáanleg er endurnýjun á hluta íslenska fiskiskipaflotans sem kominn er til ára sinna. Endurnýjunin mun annars vegar felast í fjárfestingu í nýjum skipum og hins vegar endurskipulagningu á skipum sem þegar eru í notkun. Slíkar fjárfestingar útgerðarinnar í viðgerðum og endurskipulagningu flotans eru jafnan stórar á mælikvarða íslensks atvinnulífs og miklir hagsmunir í húfi fyrir íslensk tæknifyrirtæki að geta boðið lausnir sem útgerðin vill fjárfesta í til framtíðar.

Sem dæmi um þær upphæðir sem um ræðir má gera ráð fyrir að endurskipulagning og endurnýjun ísfisktogara hérlendis geti numið allt að 500 milljónum króna. Í athugunum sem Íslenski sjávarklasinn hefur gert má gera ráð fyrir að um 25% þeirrar upphæðar séu bein laun til þeirra verktaka sem taka verkið að sér og önnur 15% séu laun undirverktaka. Það þýðir að 35-40% af heildarkostnaði við verkefnið eru innlend laun til starfsmanna iðn- og tæknifyrirtækja. Það gerir um 175-200 milljónir króna í vinnulaun fyrir hvert skip. Þá standa eftir 65-70% upphæðarinnar en líklegt er að 60-70% hennar fari í innflutt efni og búnað en afgangurinn sé innlend velta (í kringum 40% af heildinni). Því má gera ráð fyrir að tæplega 300 milljónir króna skili sér inn í íslenska hagkerfið ef útgerð velur að nýta sér íslensk tækni- og iðnifyrirtæki í slíku fjárfestingaverkefni. Að gefnum margföldunaráhrifum má áætla að fjárfesting upp á 500 milljónir í endurnýjun skips skili a.m.k. 450-600 milljónir í veltu inn í íslenska hagkerfið og 400-450 mannmánuðum í vel launuð störf.

Innlend velta í endurnýjun fiskiskipa

Endurnýjun á Íslandi


Endurnýjun erlendis



Fjárfesting:
300 ma. kr.

Velta innanlands:
300 ma. kr.

Ársverk:
40



Fjárfesting:
300 ma. kr.

Velta innanlands:
0 kr.

Ársverk:
0

Dreifing veltu við endurnýjun á Íslandi

Endurnýjun á Íslandi

Endurnýjun erlendis



Erlendur sjávarútvegur kys íslensk tæknifyrirtæki

Á Íslandi starfa um 70 tæknifyrirtæki í sjávarútvegi sem selja vörur og þjónustu undir eigin vörumerki. Þessi fyrirtæki hafa sprottið upp í kringum íslenskan sjávarútveg og eiga tilveru sína honum að þakka. Fyrir fáum árum voru flest þessara fyrirtækja lítil og þjónuðu fyrst og fremst innlendum markaði. Á undanförunum tveimur áratugum hefur þessi grein þróast mikið hér á landi og nú er svo komið að flest fyrirtækjanna rekja meirihluta tekna sinna til sölu verkefna erlendis. Sú staðreynd stafar auðvitað af því að fyrirtæki þessi eru samkeppnishæf á alþjóðlegum markaði. Þær tæknilausnir sem þau þróa og selja eru margar framúrskarandi á alþjóðlegan mælikvarða og útflutningur þeirra því rökrétt og mikilvægt skref í vexti og framþróun geirans.

Í samtölum við forsvarsmenn þessara tæknifyrirtækja kemur í ljós að mörg þeirra höfðu ekki annarra kosta völ en að herja á erlenda markaði til að halda velli síðustu misserin enda verið mikil deyfð yfir fjárfestingum í sjávarútvegi hér á landi síðastliðin ár. Óvissa og óstöðugleiki hafa einkennt sjávarútvegsgeirann um nokkra hríð og þá hafa langvarandi afleiðingar hrunsins, m.a. á efnahagsreikninga sjávarútvegsfyrirtækjanna, einnig sett strik í reikninginn. En með hruninu lækkaði hins vegar gengi krónunnar og þar með verð tækjanna í gjaldeyri erlendra viðskiptavina. Á meðan innlend eftirspurn var í lágmarki var erlend eftirspurn mikil og útflutningurinn hélt lífi í tæknifyrirtækjunum.

Samstarf lækkar viðskiptakostnað

Teikn eru á lofti um að nýfjárfestingar og endurnýjanir í innviðum í sjávarútvegi séu að komast aftur á skrið hér innanlands. Og umhverfið nú er allt annað en áður. Í dag spanna þær tæknilausnir sem innlend fyrirtæki bjóða upp á alla virðisdegnu sjávarútvegs. Fyrirtækin eru mörg hver stöndug og eiga gott með að takast á við verkefni sem áður hefðu orðið mörgum þeirra ofviða. Síðast en ekki síst eru þau fyllilega samkeppnishæf á alþjóðlegan mælikvarða sem sést best á því að erlendur sjávarútvegur kys í auknum mæli að beina fjárfestingum sínum til þeirra.

Eitt tiltekið atriði virðist spila stóran þátt í því að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki kjósa í mörgum tilfellum að skipta við tæknifyrirtæki erlendis. Þeim reynist hentugra að eiga viðskipti við eitt stórt fyrirtæki sem tekur að sér og ábyrgist alla þætti endurbótanna. Hér á landi eru tæknifyrirtækin hins vegar oft lítil í erlendum samanburði og sérhæfð á sínu sviði. Endurnýjun á Íslandi kallar því á viðskipti við mörg fyrirtæki á víð og dreif um landið og í því er falinn viðskiptakostnaður fyrir útgerðina. Þessi viðskiptakostnaður virðist vera stærsti orsakavaldurinn að því að íslenskar útgerðir beina fjárfestingaverkefnum sínum út fyrir landsteinana, ekki það að fyrirtækin hér bjóði síðri eða óhagkvæmari lausnir en erlendir samkeppnisaðilar.

Raunar er mikilvægt að taka fram að tilgangur þessarar greiningar er ekki að benda á að viðskipti íslenskra útgerða við erlenda aðila séu á einhvern hátt síðri en viðskipti þeirra við innlend fyrirtæki, enda eru þau í

mörgum tilfellum óumflýjanleg. Þá getur slíkt bæði falið í sér nauðsynlega samkeppni og innflutning á þekkingu erlendra tæknifyrirtækja svo dæmi séu tekin. Ef samkeppnissjónarmið réðu ekki för væri lítil ástæða til að hampa innlendum tæknigeira. Hér er fyrst og síðast verið að benda á tækifærin sem felast í því að innlend tæknifyrirtæki vinni saman nú þegar mikil endurnýjun er fyrirsjáanleg.

Í viðleitni til að hreppa þau fjárfestingaverkefni sem fyrirsjáanleg eru við endurnýjun íslenska fiskiskipafloftans er því nauðsynlegt fyrir íslensku tæknifyrirtækin að breikka samstarfsgrundvöll sinn og sameinast um að bjóða fram heildarlausnir fyrir íslensku útgerðina. Þannig má takmarka þann viðskiptakostnað sem annars fellur á útgerðina og efla enn frekar innlendan tækniðnað sjávarklasans og viðskiptatengsl hans við útgerðina í landinu. Með tilkomu stærri verkefna hér innanlands verður einnig til mikilvæg reynsla og þekking innan tæknifyrirtækjanna sem öðrum kosti væri vart hlaupið að. Þannig skapa þessi verkefni fyrirtækjunum bættar forsendur og aukið fjárhagslegt svigrúm til að halda þróunarvinnu sinni áfram, en fáum dylst að þróunarvinna þeirra og nýsköpun eru lykilmöguleikar ætli þau sér að bjóða lausnir á heimsmælikvarða til framtíðar. Það er síður en svo sjálfgefið að í svo fámennu hagkerfi sem Ísland er myndist tæknigeiri tengdur sjávarútveginum sem samkeppnishæfur er á alþjóðlegum markaði. Traustur, framsækinn og öflugur tæknigeiri hér innanlands hefur hins vegar ótvíræða kosti í för með sér fyrir útgerðina og íslenskan sjávarútveg, sem umfram aðra mun njóta ávaxta af sókn hans í framtíðinni, með bættri aflanýtingu, umhverfisvænni lausnum og hagkvæmari rekstri.

Nánari upplýsingar veita:

Haukur Már Gestsson (haukur@sjavarklasinn.is), *hagfræðingur*, **Bjarki Vigfússon** (bjarki@sjavarklasinn.is), *hagfræðingur* og **Þór Sigfússon** (thor@sjavarklasinn.is), *framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans í síma 577-6200*.

60-80 MILLJÓNIR Í LAUN VIÐ ENDURNÝJUN HELGU MARÍU

Það er til mikils að vinna fyrir íslenskt atvinnulíf að fjárfesting í skipafloftanum fari ekki að óþörfu úr landi. Því til stuðnings nægir að nefna endurnýjun HB Granda á fiskvinnslubúnaði í ísfisktogaranum Helgu Maríu AK 16 sem nú er nýlök. Ætla má að verkefnið skapi íslenskum tæknifyrirtækjum allt að 150 milljónir í tekjur. Þar af má gera ráð fyrir að um 60 milljónir séu bein laun til iðnaðarmanna og tæknifólks. Ákvörðun HB Granda um að velja íslenska tækniþekkingu til endurbóta á Helgu Maríu skilar sér í a.m.k. 200 milljóna veltuaukningu í íslensku hagkerfi sé reiknað með margföldunaráhrifum. Ef útgerðinni hefði aðeins staðið til boða að velja erlend tæknifyrirtæki og verktaka hefðu þessir fjármunir ekki komið til með að velta innanlands og hríslast um íslenska hagkerfið, skapað verðmæti, störf og dregið úr gjald-eyrisútreymi. Annað nærtækt dæmi er af skipum Samherja þar sem kosið hefur verið að nýta íslenska þekkingu og vinnu ýmissa málmiðnaðarfyrirtækja, tæknifyrirtækja og Slíppsins á Akureyri.